

AUGLÝSING

um umferð í Borgarnesi.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu bæjarstjórnar Borgarness eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð í Borgarnesi:

1. Bannað er að leggja ökutækjum við Þorsteinsgötu að norðanverðu frá Skallagrímögötu og 60 metra í austur.
2. Biðskylda er á Bjarnarbraut gagnvart Brákarbraut.
3. U-beygja er bönnuð á gatnamótum Hrafnakletts og Borgarbrautar.
4. Biðskylda er á botnlögnum sem liggja að Bjarnarbraut gagnvart Bjarnarbraut.
Ákvæði auglýsingar þessar taka gildi þegar í stað.

Lögreglustjórinn í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, 28. nóvember 1989.

Rúnar Guðjónsson.

REGLUR

um gerð ársreiknings verðbréfasjóðs og ársreiknings verðbréfafyrirtækis.

1. gr.

Hver verðbréfasjóður og hvert verðbréfafyrirtæki skulu semja ársreikning fyrir hvert reikningsár, sem ákveðið skal í samþykktum þeirra. Ársreikningur skal hafa að geyma ársskýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning og skýringar. Ársreikningur verðbréfasjóðs skal auk þess hafa að geyma skýrslu löggilts endurskoðanda þar sem m.a. komi fram hvernig útreikningi á verðbréfaeign sjóðsins er háttað.

Ársreikningur skal gerður samkvæmt lögum og góðri reikningsskilavenju bæði að því er varðar mat á hinum ýmsu liðum og framsetningu.

2. gr.

Rekstrarreikningur skal gerður þannig, að hann gefi, með hliðsjón af rekstri félagsins, skýra mynd af því hvernig hagnaður eða tap reikningsársins hefur myndast.

3. gr.

Efnahagsreikningur verðbréfasjóðs skal gerður þannig að hann gefi skýra mynd af eignum, skuldum og eigin fé í lok reikningsárs. Semja skal sérgreindan rekstrar- og efnahagsreikning fyrir verðbréfasjóð sem starfar í aðgreindum deildum.

4. gr.

Efnahagsreikningur verðbréfafyrirtækis skal gerður þannig að hann gefi skýra mynd af eignum, skuldum, eigin fé og ábyrgðum í lok reikningsárs.

5. gr.

Við mat á eignum verðbréfasjóðs/verðbréfafyrirtækis skal reikna niðurfærslu með hliðsjón af almennri áhættu sem tengist starfsemi.